



Landbúnaðarnefnd Alþingis
b.t. Einars Farestveit
Alþingi
150 Reykjavík

7. maí 2002
Snr. 11/01-1821/MH

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um innflutning dýra

Vísað er til erindis landbúnaðarnefndar Alþingis, dags. 19. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn dýraverndarráðs um frumvarp til laga um breytingu á 7. gr. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra. Breytingin tekur til reksturs sóttvarna- og einangrunarstöðva.

Á fundi dýraverndarráðs þann 24. apríl sl. komu fram tvær skoðanir á breytingartillögunni. Annars vegar þótti eðlilegt að samþykkja lagabreytinguna, þó með athugasemd við síðustu málsgrein 1. greinar. Þar segir að eigendur dýra og erfðaefnis skuli greiða gjöld fyrir þjónustu sóttvarna- og einangrunarstöðva samkvæmt gjaldskrá er landbúnaðarráðherra setur. Til að tryggja frjálsa verðlagningu og samkeppni væri mikilvægt að sóttvarna- og einangrunarstöðvar starfi samkvæmt eigin gjaldskrá. Hins vegar þykir eðlilegt að bíða með umræddar lagabreytingar á meðan lög nr. 54/1990 verða endurskoðuð í heild, sbr. tillögu til þingályktunar um endurskoðun laga um innflutning dýra, 654. mál. Þá fengu þessar breytingartillögur ítarlega umfjöllun í tengslum við annað í lögnum.

Virðingarfyllst,

Maria Harðardóttir

María Harðardóttir
ritari